

13. MARS
2025

HARPA
ELDBORG

75
ÁRA

Suðræn veisla

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Forleikur 7'

Konsert 35'

Svítur 28'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Suðræn Veisla

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 13. MARS KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Juanjo Mena
hljómsveitarstjóri

Páll Palomares
einleikari

Louise Farrenc

Forleikur nr. 2 (1834)

Édouard Lalo

Symphonie espagnole „Spænska sínfónían“ (1874)

Allegro non troppo

Scherzando: Allegro molto

Intermezzo: Allegretto non troppo

Andante

Rondo: Allegro

Hlé

Manuel de Falla

Úr Þríhyrnda hattinum (El sombrero de tres picos) (1919)

Svíta nr. 1

Inngangur - Eftirmiðdagur

Dans konu malarans (Fandango)

Corregidor - Kona malarans

Vínberin

Svíta nr. 2

Dans nágannans (Seguidilla)

Dans malarans (Farruca)

Lokadans (Jota)

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra
website: en.sinfonia.is.



Juanjo Mena

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Juanjo Mena er þekktur spænskur hljómsveitarstjóri, sem hefur fest sig í sessi á hinum alþjóðlega vettvangi klassískrar tónlistar. Hann er fæddur í Baskalandi árið 1965 og hóf vegferð sína við Konunglegu tónlistarakadémíuna í Madrid, þar sem hann nam undir handleiðslu Carmelo Bernaola og Enrique García Asensio. Einstaka hæfileika sína mótaði hann enn frekar hjá hinum goðsagnakennda rúmenska hljómsveitarstjóra, Sergiu Celibidache.

Ferill Mena sem hljómsveitarstjóri tók stórt stökk árið 1999 þegar hann varð listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Bilbao á Spáni. Færni hans vakti fljótt alþjóðlega athygli og leiddi til stærri verkefna, þar á meðal sem aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Bergen og yfirgestastjórnandi Hljómsveitar Teatro Carlo Felice í Genúa.

Merkur áfangi á ferli Mena varð árið 2011 þegar hann var útnefndur aðalhljómsveitarstjóri Filharmóníusveitar BBC. Á sjö ára starfstíma sínum þar leiddi hann hljómsveitina á tónleikaferðum um Evrópu og Asíu og stjórnaði árlegum sjónvörpuðum tónleikum í Royal Albert Hall, sem eru hluti af BBC Proms. Flutningur sveitarinnar undir hans stjórn á sinfóníum Bruckners og Schubert-verkum hlaut sérstaka viðurkenningu, og The Guardian lýsti þeim sem „æsisþennandi“.

Mena hlaut Spænsku Þjóðartónlistarverðlaunin árið 2016 fyrir framlag sitt til tónlistar. Hljóðritanir hans, einkum með Filharmóníusveit BBC undir Chandos-merkinu, hafa hlotið lof gagnrýnenda og sýna fram á færni hans í bæði sígildum verkum vestrænnar tónlistarsögu og minna þekktum spænskum verkum.



Páll Palomares

EINLEIKARI

Páll Palomares er einn af fremstu fiðluleikurum landsins. Hann hóf fiðlunám sex ára gamall undir handleiðslu foreldra sinna, Unnar Pálsdóttur og Joaquín Palomares. Hann gegnir nú stöðu leiðara 2. fiðlu í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Áður gegndi hann sömu stöðu hjá Randers Kammerorkester í Danmörku.

Hann hefur leikið fjölda einleikskonserta með hljómsveitum á íslenskri og erlendri grundu og ber þar hæst Sibelius- og Tsjajkovskíj fiðlukonserta með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Brahms fiðlukonsert með Sinfóníuhljómsveit Árósa, Beethoven konsert með Sinfóníuhljómsveit í Torrevieja, Mozart með Orquesta Sinfónica de la Región de Murcia og Árstíðirnar eftir Vivaldi með Orchestra Femminile Italiana. Páll er jafnframt virkur í kammertónlist og hefur haldið tónleika víða í Evrópu; á Íslandi, Spáni, Þýskalandi, Englandi, Ítalíu, Frakklandi, Búlgaríu, Færeyjum, Danmörku og Hollandi.

Hann hefur hlotið margvísleg verðlaun á ferli sínum. Hann var einn sigurvegari íslensku keppinnar „Ungir einleikarar“ árið 2007, hlaut verðlaun í alþjóðlegu keppinni „Danish String Competition“ árið 2014 auk fjölda annarra verðlauna í keppnum Konunglega Tónlistarháskólans í Kaupmannahöfn. Páll hefur sótt masterklassa hjá mörgum af virtustu fiðluleikurum heims. Meðal þeirru eru Guilles Apap, Pekka Kuusisto, Noah Bendix-Balgley og Nikolaj Znaider.

Hann lauk meistaraþráðu og síðar einleikaranámi við Konunglega Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn árið 2018 undir handleiðslu fiðluleikarans Serguei Azizian. Hann lauk einnig bakkalárgráðu í hinum virta Hochschule für Musik „Hanns Eisler“ í Berlín árið 2013. Kennari hans var Prof. Ulf Wallin. Áður en Páll hóf námsferil sinn erlendis lauk hann námi við Tónlistarskóla Kópavogs og Listaháskóla Íslands þar sem hann naut leiðsagnar Margrétar Kristjánsdóttur og Auðar Hafsteinsdóttur.



Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti fyrst verk eftir Farrenc árið 2019 og var þá flutt Sinfónía nr. 3 undir stjórn Bjarna Frimanns Bjarnasonar. Síðan þá hafa verk Farrenc ekki verið flutt og því er Forleikur nr. 2 frumfluttur nú á Íslandi.

Louise Farrenc

FORLEIKUR NR. 2

Louise Farrenc (1804–1875) er svo sannarlega gott dæmi um það hvernig strangar æfingar, staðfastur metnaður og snilligáfa í vöggugjöf sigrar stórfelldar hindranir. Hún fæddist í París árið 1804 inn í virta listafjölskyldu – faðir hennar og bróðir voru báðir verðlaunaðir höggmyndalistamenn – og hóf nám í píanóleik og tónfræði aðeins sex ára gömul. Fimmtán ára gömul hlaut hún inngöngu í tónsmíðanám við Parísarkonservatoriíð, sem áður hafði aðeins verið opið karlmönnum. Tveimur árum síðar giftist hún Aristide Farrenc, flautuleikara við Théâtre Italien, virtum kennara og stofnanda nótnáutgáfufyrirtækis.

Á fjórða áratugi 19. aldar hófst Louise Farrenc til vegs og virðingar í París sem píanóleikari, tónskáld og kennari, og hélt einnig tónleika vött og breytt um heimaland sitt. Farrenc samdi ekki aðeins smærri verk fyrir píanó, eins og algengt var að konur gerðu, heldur samdi hún einnig stærri kammer- og hljómsveitarverk. Árið 1842 var Farrenc skipuð píanóprófessor við Parísarkonservatoriíð þar sem hún starfaði með framúrskarandi árangri næstu þrjá áratugin. Hún var eina konan sem gegndi svo virtri stöðu við skólann á 19. öldinni. Þegar Louise Farrenc lést í París þann 15. september 1875 var hún talin ein fremsta tónlistarkona síns tíma.

Forleikir Farrencs fylgja mjög nákvæmlega hinu hefðbundna sönötuformi. Forleikur nr. 2 í E-dúr, er töluvert dekkri en dúrtöntegund hans gæti gefið til kynna. Hann hefst á víðfeðmum, harmrænum inngangskafli með hikandi laglínum. Fyrri stef er hljómrænt bjart en órólegt í hrynjandi og tjáningu og seinna stefið, leikið af strengjum, er ljóðrænt og mýkra í eðli sínu. Kvíðafullt andrúmsloft snýr aftur í úrvinnsluhlutanum, sem er ofinn saman úr fyrra og seinna stefi á listilegan hátt. Samkvæmt sönötuforminu kemur svo efniviður úr fyrsta hlutanum aftur í ítrekun sem lýkur verkinu.



Édouard Lalo

SYMPHONIE ESPAGNOLE

Spænskættaða tónskáldið Édouard Lalo fæddist í Lille í Norður-Frakklandi árið 1823. Hann hóf nám í fiðluleik og tónsmíðum við Parísarkonservatoríð aðeins sextán ára gamall. Faðir hans var alfarið á móti tónlistarferli sonar síns, svo Lalo varð snemma að sjá sér farborða með kennslu og tónlistarflutningi. Árið 1855 stofnaði hann Armingaud-strengjakvartettinn en hópurinn lagði áherslu á verk Haydns, Mozarts, Beethovens, Schumanns og Mendelssohns. Þetta kveikti hjá honum mikla ástríðu fyrir kammertónlist. Árið 1865 kvæntist hann alt-söngkonunni Julie Bernier de Maligny, sem hvatti hann til að semja söngverk og óperur. Hins vegar fengu óperur hans dræmar viðtökur og vöktu litla hrifningu gagnrýnenda.

Tónlistin og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Symphonie espagnole hefur verið á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá upphafi en árið 1955 lék hún verkið undir stjórn Róberts Abrahams Ottóssonar og var það Þorvaldur Steingrímsson sem lék einleik. Árið 1962 var það Béla Detreköy sem lék konsertinn undir stjórn William Strickland. Pierre Amoyal lék verkið árið 1884 undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat. Eugene Sarbu lék það undir stjórn Petri Sakari 1994 og svo var það Maxim Vengerov sem lék verkið undir stjórn Rumons Gamba árið 2003.

Ferill Lalos fékk byr undir báða vængi í kjölfar fransk-prússneska stríðsins (1870-71) þegar frönsk gildi urðu mikilvæg í samfélaginu. Á sama tíma var Sociéte Nationale de Musique stofnað með Camille Saint-Saëns, Gabriel Fauré, César Franck og Jules Massenet meðal stofnmeðlima. Markmið félagsins var að stuðla að flutningi samtímatónlistar franskra tónskálda, þar sem þýsk tónlist hafði lengi verið allsráðandi á tónleikapöllum. Til marks um þetta voru verk Beethovens flutt í 350 tónleikum hjá Orchestre des Concerts Padeloup á árunum 1861-73, en Saint-Saëns aðeins 12 sinnum. Með tilkomu Sociéte fékk Lalo loks tækifæri til að semja sinfóníska tónlist, þar á meðal *Symphonie espagnole*.

Nafn Lalos er fyrst og fremst tengt verkum sem hann samdi fyrir spænska fiðlusnillinginn Pablo Sarasate. Sá var einn fremsti fiðluvirtúós síðari hluta 19. aldar, þekktur fyrir undurfagan tón, fullkomið tóneyra og geislandi sviðsframkomu. Hann var glæsilegur ásýndar, jafnan klæddur svörtu frá toppi til táar, með mikið sjálfálit og einstaka hæfni til að koma sjálfum sér á framfæri. Hann bjó á íburðarmiklu herrasetri í París, hönnuðu að innan af heimsfrægum listamanni. Fjöldi tónskálda tileinkaði honum tónsmíðar, þar á meðal Max Bruch, Camille Saint-Saëns, Joseph Joachim, Henryk Wieniawski, Antonín

Dvořák og ekki síst Lalo. Árið 1873 samdi Lalo fiðlukonsert sinn, Op. 20, fyrir Sarasate og fylgdi honum eftir ári síðar með *Symphonie espagnole*, sem varð hans þekktasta tónsmíð.

Symphonie espagnole er hvorki hefðbundin sinfónía né hefðbundinn fiðlukonsert. Frekar mætti lýsa verkinu sem fimm þátta svítu, einkum vegna þess hvernig það byggir á dansrytmum. Þó hlutarnir fimm séu ekki nefndir eftir dönsum, byggir þó hver og einn þeirra á spænskum dönsum og þjóðlögum. Lalo hafði þó horn í síðu hugtaksins „svíta“, sem honum þótti merkingarlega veikburða. Verkið er franskt að uppbyggingu, en spænskt í rytma. Þótt einhverjir hafi talið það skorta tónlistarlega dýpt, þá bætir Lalo upp fyrir það með fjöri og grípandi stefnum.

Þrátt fyrir að bera ekki nafnið „fiðlukonsert“ hefur *Symphonie espagnole* allt sem þarf til að vera stórkostlegt verk fyrir fiðluleikarann til þess að sýna hvað í honum býr. Sarasate frumflutti það 7. febrúar 1875, aðeins mánuði fyrir frumsýningu óperunnar *Carmen* eftir Bizet. Báðar þessar tónsmíðar kveiktu ástríðu Frakka – og síðar Evrópubúa – fyrir spænskum áhrifum í tónlist, sem varð vinsælt stef í verkum tónskálda á borð við Rimsky-Korsakov, Tsjajkovskíj, Debussy og Ravel.

Fyrsti þátturinn, *Allegro non troppo*, hefst á dramatískum dansi sem minnir á nautaat. Stuttur inngangskafllinn stillir einleikaranum upp gegn hljómsveitinni í spennandi einvígi. Tví- og þrískiptur taktur ásamt litríku tónmáli gefa strax spænskan keim sem fylgir verkinu í gegn. Þegar fiðlan tekur sviðið flýgur hún um með stórkostlegum fimmundar- og áttundarstökum, eins konar hljómrænu *Capote de brega* (nautaatssjal).

Annar þátturinn, *Scherzando*, færir áheyrendum ögn af *Seguidilla* (kastilískur þjóðdans), þar sem hljómsveitin leikur gítarlegt pizzicato með tælandi takti. Í *Intermezzo*-þættinum er yfirdrifið karlmannlegt oflæti magnað upp með kraftmiklum Andalúsíu áhrifum í flamenco-stíl. Í *Andante* skiptir verkið svo yfir í seiðandi hægan dans í þrískiptum takti, sem sagan segir að hafi verið upphalds staður Tsjajkovskíjs (og fékk þaðan innblástur fyrir sinn eigin fiðlukonsert). Að lokum er ferðalagi verksins lokað með léttum og leikandi spænskum dansi, prakkaralegu, fjörugu *Rondói*.

Með þessu verki opnaði Lalo nýja gátt fyrir franska tónlist með spænskum áhrifum og skapaði sér sess sem eitt af aðaltónskáldum fiðlutónlistar 19. aldar.



Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék Þríhyrnda hatt de Falla nokkuð reglulega á fyrstu áratugum sveitarinnar. Árið 1959 var það flutt undir stjórn Henry Swoboda, árið 1967 undir stjórn Páls P. Pálssonar og svo aftur 1977 og 1985 undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat.

Manuel de Falla

ÞRÍHYRNDI HATTURINN, SVÍTUR 1 OG 2

Manuel de Falla (1876-1946) er eitt merkasta spænska tónskáld 20. aldarinnar. Tónlist hans má lýsa sem blöndu af ljóðrænni fegurð og meinlæti sem fangar anda Spánar í sinni tærustu mynd. Hans fyrsta hljóðfæri var píanóið, sem hann lærði á undir handleiðslu móður sinnar. Því næst hóf hann nám í tónsmíðum hjá Felipe Pedrell, sem hafði mikil áhrif á þróun hans. De Falla dáðist að því hvernig Pedrell blandaði kirkjutónlist, þjóðlagatónlist og spænska óperuforminu Zarzuela. Síðar á ferli sínum flutti de Falla til Parísar, þar sem hann varð fyrir áhrifum frá tónsmíðastíl Debussy, Dukas og Ravel. Að því loknu sneri hann aftur til Madrídar og samdi verkið *El Corregidor y la Molinera* (Fógetinn og kona malarans), sem hann umskrafaði síðar fyrir ballettinn *El Sombrero de Tres Picos* (Þríhyrndi hatturinn).

Frumútgáfan af sögunni er dæmigert spænskt þjóðsagnaminni: Fjallar um spilltan fógeta, heiðarlegan og hógværan malara og fallega eiginkonu hans, sem fógetinn reynir að tæla í krafti valds síns og stöðu. Eftir að hafa heyrt flutning á verkinu bað hinn rússneski ballettfrumkvöðull Sergej Djagílev, de Falla um að vinna það áfram svo hægt væri semja við það ballett. Ballettinn var settur á svið af Leonid Massine, sem einnig dansaði hlutverk malarans. Leikmynd og búninga hannaði Pablo Picasso og tónlistinni stjórnaði Ernest Ansermet. Uppfærslan gat ekki misheppnast. Verkið er um 40 mínútna langt og flutt af fullskipaðri sinfóníuhljómsveit og mezzósópran söngvara. Vegna velgengni ballettsins útbjóg de Falla úr því tvær hljómsveitarsvítur svo hægt væri að flytja tónlistina á mismunandi tónleikapöllum um allan heim. Fyrri svítan fjallar um átök malarahjónanna og fógetans en hin síðari segir frá Jónsmessufögnuði í þorpi malarans. Þær byggjast upp á ólíkum spænskum dönsum, svo sem fandango í fyrri svítunni og seguidilla flamenco farruca og jota í seinni svítunni.

Þorbjörg Daphne Hall

Á döfinni

21.03 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



Herdís Anna og sellódeildin

Á þessum tónleikum í Föstudagsröðinni sameina sellódeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands og sópransöngkonan Herdís Anna Jónasdóttir krafta sína í heillandi og litríkri efnisskrá þar sem íslensk og suður-amerísk tónlist mætast. Verkin sem hljóma eru eftir Villa-Lobos, Þórð Magnússon, Astor Piazzolla, Magnús Blöndal Jóhannsson og fleiri.

Herdís Anna Jónasdóttir sópran hefur um langt árabíl verið ein af fremstu söngvurum landsins og hefur hún hlotið fjölda verðlauna fyrir list sína – til að mynda Íslensku tónlistarverðlaunin 2022 og Grímuverðlaunin 2019. Það er sérstakt tilhlökkunarefni að heyra bjarta og tæra rödd hennar mæta mjúkum og seiðandi hljóm sellósins, sem annars er allsráðandi á þessum skemmtilegu og fjölbreyttu tónleikum.

27.03 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Prokofíev og Tsjajkovskíj

Það tók Sergei Prokofíev átta ár að ljúka við þriðja píanókonsert sinn, en tónskáldið frumflutti hann sjálfur í Chicago haustið 1921 en verkið hefur síðan verið álitnið eitt af helstu píanóverkum 20. aldarinnar. Það er kínverskbandaríski píanóleikarinn Claire Huangci sem flytur okkur píanókonsertinn en hún kemur hér fram í annað skiptið með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Sjötta sinfónía rússneska tónskáldsins Pjotr Tsjajkovskíj, einnig þekkt undir nafninu Pathétique, var hans síðasta tónverk en Tsjajkovskíj lést aðeins níu dögum eftir að hann stjórnaði frumflutningi verksins í Sankti Pétursborg haustið 1893. „Ég hef gefið alla sál mína í þessa sinfóníu,“ skrifaði tónskáldið um sinfóníuna, en hann taldi hana sitt besta verk.

Íslandsfrumflutningur á This Midnight Hour eftir breska tónskáldið Önnu Clyne fer fram en verkið er innblásið af ljóðunum La Musica eftir Juan Ramón Jimi og Harmonie du soir eftir Charles Baudelaire. Hljómsveitarstjórinn David Danzmayr snýr aftur og heldur um tónsprotann á þessum tónleikum í gulu tónleikaröðinni.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Zbigniew Dubik
Helga Póra Björgvinsdóttir
Lin Wei
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Andrzej Kleina
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Joanna Bauer

2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Þórdís Stross
Justyna Bidler
Sólveig Steinþórsdóttir
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Sólveig Vaka Eypórsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Porfiris
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Guðbjartur Hákonarson
Guðrún Þórarinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Urh Mrak
Júlía Mogensen
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson

Bassi

T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Sigríður Hjördís Önnudóttir
Steinunn Vala Pálsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Louisa Slosar
Shunyu Liu

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Paul Pitzek
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Yi-Ling Shih

Trompet

Robby Garrison
Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Oren Marshall

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Liam Kaplan

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Marco Santos
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason
Einar Scheving

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
viðburða verkefnastjóri
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskráargerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Arvo Pärt sínfóníur

20. MARS | KL. 19:30

Eistneska tónskáldið Arvo Pärt er meðal þekktustu núlifandi tónskálda heims. Kyrrðin, tærleikinn og hin allt að því dulræna andakt sem einkennir mörg verka hans eiga sérstakt erindi við samtímann en tónskáldið fagnar nírhæðisafmæli í ár. Af því tilefni flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands allar fjórar sínfóníur hans á einum tónleikum undir stjórn Evu Ollikainen aðalhljómsveitarstjóra. Sérhver af sínfóníunum er eins og heimur út af fyrir sig og gefst hér einstakt tækifæri til að hlýða á þær í tímaröð – þær eru eins konar vörður á langri listrænni og andlegri vegferð tónskáldsins en fjörutú og fimm ár aðskilja þá fyrstu og þá fjórðu í tíma.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS